

## 1. Almennt

Landeldi ehf. (kt. 650417-1510), Tröllakór 1, 203 Kópavogi, sækir um endurnýjun á rekstrarleyfi vegna 100 tonna hámarkslífmassa fyrir seiðaeldi á laxi að landeldisstöðinni Öxnalæk í Ölfusi (FE-1063). Fyrirtækið er nýtekið yfir eldisstöðina sem hefur verið starfrækt þar um árabíl. Fyrirtækið sótti um endurnýjun þann 23. mars 2020.

Seiðastöðin er staðsett á landi með frárennsli í Varmá/Þorleifslæk sem fellur í Ölfusá og rennur til sjávar. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Búnaður seiðastöðvarinnar er þannig að í öllum kerum eru ristar til að hindra að fiskur geti komist úr kerunum. Allt frárennsli stöðvarinnar fer í eina frárennislögn og í settank áður en það rennur út í Varmá/Þorleifslæk. Litlar líkur eru taldar á slysasleppingu úr stöðinni þegar tillit er tekið til búnaðar í kerum og í frárennsli stöðvarinnar.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru þau gögn sem stofnunin óskaði eftir vegna endurnýjunar rekstrarleyfis Landeldis ehf. skv. 14. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 19. ágúst til 16. september 2020 og engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér gögn málsins og telur þau lögmætán grundvöll til endurnýjunar rekstrarleyfis.

## 2. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um endurnýjun rekstrarleyfis til Landeldis ehf. Rekstrarleyfið (FE-1151) heimilar hámarkslífmassa 100 tonn til seiðaframleiðslu á laxi að Öxnalæk í Ölfusi.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga um fiskeldi og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Starfsleyfi Umhverfisstofnunar er í gildi og rennur út 31. mars 2029. Rekstrarleyfið gildir til 5. október 2036.

Þegar rekstrarleyfið tekur gildi (FE-1151) kemur það í stað rekstrarleyfis FE-1062 til 100 tonna seiðaeldis á laxi.

Selfossi, 5. október 2020